

Alþingi
Erindi nr. P 140/2339
komudagur 8.5.2012

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, Rammáætlun

Dagur Bragason [dagurbraga@gmail.com]

Sent: 8. maí 2012 13:26

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Berist til Atvinnuveganefnd Alþingis

Ég undirritaður geri athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki.

Einnig ættu Eldvörp að fara í verndarflokk, en við þau eru gamlar þjóðleið og er þetta vinsælt útivistarsvæði fólks, sem getur nú skoðað nær ósnortna náttúru í nágrenni þéttbýlasta svæði landsins.

Að gera stórann hluta af náttúru nágrennis höfuðborgarsvæðis að að iðnaðarsvæði er alvarlegt mál, en nóg er um jarðvarmavirkjanir þegar í nágrenni Reykjavíkur.

Töluverð brennisteins mengun er nú þegar á höfuðborgarsvæðinu og ekki enn til lausnir á því vandamáli, en brennisteinsvetni er eiturefni, sem hefur lamandi áhrif á taugakerfið, þegar það nær ákveðnum styrk.

Þetta efni er ekki aðeins skaðlegt fyrir fólk, heldur sjást nú þegar umtalsverðar gróðurskemdir í nágrenni Hellisheiðar virkjunar.

Brennisteinsvetni hefur einnig skaðleg áhrif á tækjabúnað, en silfur og kopar tærast ef það kemst í snertingu við efnið.

Rætt hefur verið um að fjölga svokölluðum netbúum hér á landi, sem grænan orkufrekan iðnað, í stað stóriðju, en brennisteinsvetni hefur bein skaðleg áhrif á tölvubúnað, sem netbúin notast við. Hætt er við að fjölgun jarðvarmavirkjana í nágrenni höfuðborgarinnar auki styrk brennisteinsvetnis það mikið, að þessi mengun verði verulegt vandamál.

Einnig geri ég athugasemdir við að Urriðafossvirkjun er sett í biðflokk, en þar er hægt að gera rennslisvirkjun í sátt við náttúru og íbúa svæðisins.

Í Þjórsá er vatnsrennslí nú þegar stýrt og því hægt að gera virkjun í Urriðafossi án uppistöðulóna sem kaffæra land, en landið ber að verðleggja þegar virkjanir eru gerðar.

Virkjun í Urriðafossi gæti truflað göngur fiska eitthvað, en þetta er óverulegir hagsmunir, fárra aðila, sem gætu hugsanlega truflast og hægt er að byggja fiskastiga samhliða virkjun.

Rennslisvirkjun eins og Urriðafossvirkju nætti að setja í nýtingarflokk, en varla er hægt að byggja virkjun sem væri umhverfisvænni.

Hvammsvirkjun og Holtavirkjun eru í biðflokk og ættu að vera þar áfram, en umtalsvert land þarf að kaffæra ef byggja á þessar virkjanir,

Búlandsvirkjun ætti að setja úr biðflokk í verndarflokk, því umtalsvert land þarf að færa í kaf, land sem nú er nýtt til landbúnaðar og mundi virkjun einnig spilla nær ósnortnu landi.

Virkjun í Skaftá er mjög varhugaverð, vegna eyru, en vatnamælingarmenn hafa mælt aur allt að 50% af þyngd hvers líters í sýnum sem tekin hafa verið úr ánni í hlaupum.

Skaftá hleypur reglulega og stundum með miklum látum og þurfa varnargarðar virkjunar að vera mjög traustlega byggðir til að þola flóðin og einnig mun uppistöðulón fljótt fyllast af aur, sem gerði virkjunina óstarfhæfa á stuttum tíma.

Einnig hefur aurburður mjög slæm áhrif á túrbínur virkjunar, mikið slit og tíðar bilanir munu gera virkjunina kostnaðarsama og jafnvel óstarfhæfa og ef lokur í stíflum skemmast vegna flóðs, eða aurs, getur skapast hættuástand í byggð neðan virkjunarína.

Allt þetta gerir virkjun í Skaftá að afar slæmum kosti miðað við marga aðra virkjunarkosti.

Virkjanir í Hólmsá ætti skilyrðislaust að færa úr biðflokk í verndarflokk, því þetta er dýrmætt útivistarsvæði með gríðarlega fallegri náttúru og eitt vinsælasta útivistarsvæðið á landinu.

Að spilla þessu landi að fjallabaki með virkjun er alvarlegt mál og mun skapast mikill ófriður í landinu ef farið verður af stað með virkjun á þessu svæði.

Hvet ég því nefndarmenn að hlífa þessu svæði svo fólk framtíðarinnar geti notið þess eins og okkar kynslóð hefur fengið að gera.

Virðingarfyllt

Dagur Bragason

Keilugranda 4

107 Reykjavík.

--

Dagur Bragason

GSM-8940095